



Akureyri, 17. febrúar 2020

Umsögn Akureyrarbæjar vegna tillögu til þingsályktun um Tröllaskagagöng milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar.

Bæjarstjórn Akureyrar og sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar hafa nú þegar undirstrikað skoðun sína á málinu í áskorun til stjórnvalda sem send var í febrúar 2019. Akureyrarbær ítrekar aftur áherslu sína á að hafin verði vinna við rannsóknir, frumhönnun og mat á hagkvæmni á gerð jarðganga á Tröllaskaga. Tilkoma slíkra ganga er byggðamál, þar sem Norðurland sem heild, mundi styrkjast og þetta yrði mikil samgöngubót í mörgu tilliti. Tröllaskagagöng myndu tengja þessi vaxtarsamfélög betur saman og styðja þannig við að til verði sterkara atvinnusvæði. Fjallvegurinn um Öxnadalshéiði getur verið gífurlegur vegatálmi yfir vetrarmánuðina og það sýndi sig svo um munar í óveðrunum sem voru í lok árs 2019 og í upphafi árs 2020. Slík tálmun hefur mikil áhrif ekki bara fyrir hinn almenna íbúa og öryggi hans við að komast á milli svæða heldur einnig fyrir stór framleiðslufyrirtæki á svæðinu, sem koma ekki afurðum til sinna viðskiptavina og geta setið uppi með mikið fjárhagslegt tjón.

Mikilvægi slíkra ganga snýr einnig að ferðapjónustu en með auknu beinu millilandaflugi til Akureyrar verður til mikilvæg gátt inn í landið og þeir ferðamenn sem koma þessa leið eru líklegri til þess að heimsækja stærra landsvæði ef samgöngurnar eru góðar. Með þessu móti er dreifing ferðamanna betri.

Tröllaskagagöng munu einnig hafa stóru hlutverki að gegna varðandi heilbrigðisþjónustu. Þar er átt við mikilvægi þess að aðgengi að Sjúkrahúsinu á Akureyri sé öruggt og óhindrað allan ársins hring og er rétt að benda á í því samhengi að engin fæðingapjónusta er á Norðurlandi vestra.

Akureyrarbær fagnar fram kominni þingsályktunartillögu og hvetur Alþingi til þess að samþykkja hana.

Virðingarfyllst,

Ásthildur Sturludóttir
bæjarstjóri

